



ÍSÁFJARÐARBÆR



# Ársreikningur 2009

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma samandreginn ársreikning bæjarfélagsins, ársreikning fyrir A hluta starfsemi, aðalsjóð, eignasjóð og þjónustumiðstöð og B hluta starfsemi, hafnarsjóð, vatnsveitu, dvalar- og hjúkrunarheimilið Hlíf, fráveitu, sorpeyðingarstöðina Funa og Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. Ársreikningurinn samanstendur af áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikningum, efnahagsreikningum, yfirlitum um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð bæjarstjórnar á ársreikningnum

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð bæjarstjórnar nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bæjarsjóðs Ísafjarðar og stofnana hans á árinu 2009 efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á þeim óvenjulegu aðstæðum sem nú hafa skapast á fjármálamarkaði og þá almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur félaga landsins. Ekki er fyrir séð hvaða áhrif fjármálakreppan mun hafa á rekstur og stöðu sveitarfélagsins.

Ísafirði, 20. maí 2010

## Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Guðmundur E. Kjartansson  
endurskoðandi

**Meginniðurstöður ársreiknings 2009**

Ársreikningur 2009 sem hér birtist er skiptur niður í þrjá kafla; yfirlit og samstæðureikningur, rekstrar- og efnahagsreikningur og sjóðsstreymi sjóða í A hluta og sjóða í B hluta, sundurliðun rekstrar deilda og sjóða í A hluta og sjóða í B hluta.

Uppgjör ársins 2009 er samkvæmt fyrirmynd í auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Rekstrareiningum er skipt í A hluta og B hluta þar sem í A hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra stofnana og sjóða sem fjármagnaðir eru að hluta eða að öllu leyti af skatttekjum. Í B hluta eru stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins sem eru að hálfu eða í meirihluta í eigu sveitarfélagsins en eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Í samstæðureikningi kemur fram yfirlit rekstrar borið saman við fjárhagsáætlun, efnahagsreikningur og sjóðsstreymi.

Heildarrekstrartekjur bæjarsjóðs og stofnana hans á árinu 2009 voru 2.753 millj.kr. og rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði 2.693 millj.kr., ef frá eru talin innri viðskipti. Afkoma fyrir fjármagnsliði (fjármunatekjur og fjármagnsgjöld) er jákvæð um 59 millj.kr., en afkoma fjármagnsliða var slæm, gjöldin voru 462 millj.kr. umfram tekjur og tapið því 403 millj.kr. eftir fjármagnsliði. Það má segja að há verðbólga og áframhaldandi fall krónunar séu megin ástæður, þó ekki sé um sömu kollsteypu að ræða og varð 2008. Auk þess lækkuðu tekjur á sama tíma og verðbólga var töluverð og kostnaðarverð aðkeyprar þjónustu hækkaði umtalsvert.

Afkoma aðalsjóðs og stofnana í A hluta er jákvæð um 11 millj.kr. fyrir fjármagnsliði, en neikvæð um 244 millj.kr. eftir fjármagnsliði.

Afkoma sjóða í B hluta er jákvæð um 48 millj.kr. fyrir fjármagnsliði, en neikvæð um 159 millj.kr. eftir fjármagnsliði.

Heildarveltufjármunir í árslok 2009 voru um 434 millj.kr. að frádregnum kröfum á eigin fyrirtæki. Heildarfastafjármunir voru um 4.750 millj.kr. í árslok 2009. Skuldir alls, skammtíma- og langtímaskuldir, voru um 4.146 millj.kr. að frádregnum kröfum á eignarsjóð og á eigin fyrirtæki. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar voru 921 millj.kr. í árslok 2009 og eigið fé 116 millj.kr.

Ísafirði, 27. apríl 2010.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.  
Jón Halldór Oddsson, fjármálastjóri.

# Rekstrarreikningur ársins 2009

	Sjóðir A-hluta			Sjóðir B-hluta			Samstæða alls		
	2009	2009	2008	2009	2009	2008	2009	2009	2008
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
<b>Tekjur:</b>									
Skatttekjur án framlags jöfnunarsjóðs	1.394.759	1.374.734	1.367.022	0	0	0	1.394.759	1.374.734	1.367.022
Framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	531.319	548.800	619.191	0	0	0	531.319	548.800	619.191
Aðrar tekjur	360.441	386.007	307.544	585.836	586.081	520.417	826.940	852.752	767.305
<b>Tekjur alls</b>	<b>2.286.519</b>	<b>2.309.541</b>	<b>2.293.757</b>	<b>585.836</b>	<b>586.081</b>	<b>520.417</b>	<b>2.753.018</b>	<b>2.776.285</b>	<b>2.753.518</b>
<b>Gjöld:</b>									
Laun og launatengd gjöld	1.302.217	1.355.312	1.224.374	165.747	141.869	146.472	1.467.964	1.497.181	1.370.845
Breyting lífeyrisskuldbindinga	94.685	72.555	63.369	0	0	0	94.685	72.555	63.369
Annar rekstrarkostnaður	789.654	781.133	828.765	291.823	294.207	285.947	962.140	956.003	1.054.056
<b>Rekstrargjöld af reglul. Starfsemi</b>	<b>2.186.557</b>	<b>2.209.001</b>	<b>2.116.508</b>	<b>457.569</b>	<b>436.075</b>	<b>432.418</b>	<b>2.524.789</b>	<b>2.525.739</b>	<b>2.488.271</b>
<b>Rek.niðurst. af reglulegri starfs.</b>	<b>99.962</b>	<b>100.540</b>	<b>177.248</b>	<b>128.267</b>	<b>150.006</b>	<b>87.999</b>	<b>228.229</b>	<b>250.546</b>	<b>265.247</b>
<b>Aðrar tekjur(+) og gjöld(-):</b>									
Afskriftir	-89.104	-81.486	-85.639	-80.026	-82.174	-82.668	-169.129	-163.660	-168.307
Óvenjulegir liðir	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurst. fyrir fjármagnsliði</b>	<b>10.859</b>	<b>19.055</b>	<b>91.609</b>	<b>48.241</b>	<b>67.832</b>	<b>5.331</b>	<b>59.099</b>	<b>86.887</b>	<b>96.940</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-254.796	-233.524	-609.949	-207.537	-217.029	-365.344	-462.334	-450.553	-975.293
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-243.938</b>	<b>-214.470</b>	<b>-518.340</b>	<b>-159.297</b>	<b>-149.197</b>	<b>-360.013</b>	<b>-403.234</b>	<b>-363.666</b>	<b>-878.353</b>

## Ísafjarðarbær

## Efnahagsreikningur 31.12. 2009

Allar upphæðir eru í þús. króna

	Skýr.	2009 A hluti	2009 B hluti	2009 Samtæða	2008 A hluti	2008 B huti	2008 Samtæða
<b>Eignir</b>							
<b>Fastafjármunir</b>							
<b>Varanlegir fastafjármunir</b>	6						
Fasteignir		1.794.862	1.025.357	2.820.220	1.857.927	1.125.067	2.982.995
Veitukerfi, hafnarmannvirki		243.664	891.168	1.134.831	231.997	908.230	1.140.227
Vélar, áhöld og tæki		195.643	30.747	226.390	207.784	34.227	242.011
Framkvæmdir ársins		0	0	0	0	0	0
<b>Varanlegir rekstrarfjárm. alls</b>		<b>2.234.169</b>	<b>1.947.272</b>	<b>4.181.441</b>	<b>2.297.709</b>	<b>2.067.524</b>	<b>4.365.233</b>
<b>Áhættufjármunir og langtímakr.</b>							
Eignarhluti í félögum	7	546.799	0	546.799	546.799	0	546.799
Langtímakröfur	9	52.800	0	52.800	78.278	0	78.278
Langtímakröfur á eigin fyrirt.		280.593	0	0	294.248	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna		-30.906	0	-30.906	-63.485	0	-63.485
<b>Áhættufjárm. og langt.kr. alls</b>		<b>849.286</b>	<b>0</b>	<b>568.693</b>	<b>855.840</b>	<b>0</b>	<b>561.592</b>
<b>Fastafjármunir alls</b>		<b>3.083.456</b>	<b>1.947.272</b>	<b>4.750.135</b>	<b>3.153.549</b>	<b>2.067.524</b>	<b>4.926.825</b>
<b>Veltufjármunir</b>							
<b>Skammtímakröfur</b>							
Óinnheimtar tekjur		204.370	5.466	209.836	218.118	33.355	251.473
Næstaárs afborgun langtímakr.		30.906	0	30.906	63.485	0	63.485
Viðskiptakröfur á eigin fyrirt		522.669	29.415	0	429.538	5.348	0
Aðrar skammtímakröfur	10	50.193	64.990	115.184	94.039	48.728	142.767
<b>Skammtímakröfur alls</b>		<b>808.139</b>	<b>99.871</b>	<b>355.926</b>	<b>805.181</b>	<b>87.430</b>	<b>457.725</b>
Handbært fé		76.941	689	77.630	137.490	5.325	142.815
<b>Veltufjármunir alls</b>		<b>885.080</b>	<b>100.560</b>	<b>433.556</b>	<b>942.671</b>	<b>92.755</b>	<b>600.539</b>
<b>Eignir alls</b>		<b>3.968.535</b>	<b>2.047.832</b>	<b>5.183.690</b>	<b>4.096.219</b>	<b>2.160.279</b>	<b>5.527.364</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>							
<b>Eigið fé</b>	13						
Eigið fé		804.729	-285.626	519.103	1.322.792	74.387	1.397.179
Rekstrarniðurstaða ársins		-243.938	-159.297	-403.234	-518.184	-360.013	-878.197
<b>Eigiðfé alls</b>		<b>560.791</b>	<b>-444.922</b>	<b>115.869</b>	<b>804.608</b>	<b>-285.626</b>	<b>518.983</b>
Biðreikningar		0	0	0	0	0	0
<b>Skuldir</b>							
<b>Skuldbindingar</b>	14						
Lífeyrisskuldbindingar		921.676	0	921.676	826.991	0	826.991
Aðrar skuldbindingar		0	0	0	0	0	0
<b>Skuldbindingar alls</b>		<b>921.676</b>	<b>0</b>	<b>921.676</b>	<b>826.991</b>	<b>0</b>	<b>826.991</b>
<b>Langtímaskuldir</b>							
Skuldir við lánastofnanir	15	2.302.636	1.618.022	3.920.658	1.880.842	1.673.294	3.554.137
Næsta árs afb. langtímaskulda		-185.741	-117.019	-302.760	-213.732	-116.056	-329.788

Skuldir við eigin fyrirtæki		0	280.593	0	0	294.248	0
<b>Langtímaskuldir alls</b>		<b>2.116.895</b>	<b>1.781.596</b>	<b>3.617.898</b>	<b>1.667.110</b>	<b>1.851.486</b>	<b>3.224.348</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>	16						
Skuldir við lánastofnanir		0	52.332	52.332	383.940	0	383.940
Viðskiptaskuldir		120.054	0	120.054	148.949	48.824	197.774
Næsta árs afb. langtímaskulda		185.741	117.019	302.760	213.732	116.056	329.788
Skuldir við eigin fyrirtæki		29.415	522.669	0	5.348	429.538	0
Aðrar skammtímaskuldir		33.963	19.138	53.101	45.540	0	45.540
<b>Skammtímaskuldir alls</b>		<b>369.173</b>	<b>711.158</b>	<b>528.247</b>	<b>797.509</b>	<b>594.419</b>	<b>957.041</b>
<b>Skuldir og skuldb. samtals</b>		<b>3.407.744</b>	<b>2.492.754</b>	<b>5.067.822</b>	<b>3.291.610</b>	<b>2.445.905</b>	<b>5.008.381</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>3.968.535</b>	<b>2.047.832</b>	<b>5.183.690</b>	<b>4.096.219</b>	<b>2.160.279</b>	<b>5.527.364</b>

---

## Ísafjarðarbær

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2009

Allar upphæðir eru í þús. króna

Skýr.	2009 A hluti	2009 B hluti	2009 Samstæða	2008 A hluti	2008 B huti	2008 Samstæða
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Niðurstöður ársins	-243.938	-159.297	-403.234	-518.184	-360.013	-878.197
<b>Liðir sem ekki hafa áhrif á fj</b>						
(Söluhagn. eign)/sölutap eign	-1.826	-21.702	-23.527	0	-7.774	-7.774
Reiknaðar afskriftir	89.104	80.026	169.129	85.639	82.668	168.307
Verðbætur og gengismunur	149.334	148.485	297.819	592.467	310.784	903.251
Verðb. og gengism. langt. kraf	-8.480	0	-8.480	-25.744	0	-25.744
Breyting lífeyrisskuldbindinga	94.685	0	94.685	63.369	0	63.369
Tapað hlutfé	0	0	0	0	0	0
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>78.880</b>	<b>47.512</b>	<b>126.392</b>	<b>197.547</b>	<b>25.665</b>	<b>223.212</b>
<b>Breytingar á skammtímalíðum</b>						
Birgðir, lækkun	0	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur (hækkun)	13.748	-8.466	5.282	9.730	2.573	12.303
Aðrar skammtímakröfur (hækkun)	43.024	20.092	63.116	-69.186	-18.371	-87.557
Skammtímaskuldir, (lækkun)	-46.142	-1.783	-47.925	8.969	-15.581	-6.612
<b>Breytingar alls</b>	<b>10.630</b>	<b>9.843</b>	<b>20.473</b>	<b>-50.487</b>	<b>-31.379</b>	<b>-81.866</b>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>	<b>89.510</b>	<b>57.355</b>	<b>146.865</b>	<b>147.060</b>	<b>-5.714</b>	<b>141.346</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar:</b>						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm	-39.392	-25.750	-65.143	-484.662	-77.104	-561.766
Söluverð seldra rekstrarfjárm.	1.101	87.675	88.776	0	29.582	29.582
Niðurskrift snjóflóðavarnag.	0	0	0	0	0	0
Nýtt hlutfé	0	0	0	0	0	0
Veitt ný lán, langtímakröfur	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímakrafna	63.383	0	27.426	4.835	0	4.835
Verðbréf breyting	0	0	0	0	0	0
Annað	0	0	0	0	40.105	40.105
<b>Fjárfestingarhreyfingar alls</b>	<b>25.092</b>	<b>61.925</b>	<b>51.060</b>	<b>-479.827</b>	<b>-7.417</b>	<b>-487.244</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Tekin ný langtímalán	490.000	0	490.000	140.000	0	140.000
Afborganir langtímalána	-216.492	-213.065	-393.600	-191.046	-139.883	-330.929
Rekstrarlán, breyting	-183.940	24.428	-159.512	0	-40.000	-40.000
Skammtímask. v. fjárfestinga	-200.000	0	-200.000	383.940	0	383.940
Eigin fyrirtæki, breyting	-64.721	64.721	0	-208.069	208.069	0
Arðgreiðslur	0	0	0	31.110	-17.011	14.099
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>-175.152</b>	<b>-123.916</b>	<b>-263.112</b>	<b>155.935</b>	<b>11.175</b>	<b>167.110</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>-60.551</b>	<b>-4.636</b>	<b>-65.187</b>	<b>-176.832</b>	<b>-1.956</b>	<b>-178.787</b>
Handbært fé í ársbyrjun	137.491	5.325	142.816	314.323	7.280	321.604
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>76.941</b>	<b>689</b>	<b>77.630</b>	<b>137.491</b>	<b>5.325</b>	<b>142.816</b>

## Skýringar með ársreikningi 2009

### 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 414/2001 og 790/2001 með síðari breytingum.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustustöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Dvalar- og hjúkrunarheimili, Fráveita, Funi sorpbrennslustöð og Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.

### 2. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Framsetningu ársreikningsins á árinu 2002 var breytt frá fyrri árum og er hann nú í meginatriðum í samræmi við almenn reikningsskil. Þau yfirlit sem áður voru hluti ársreiknings sveitarfélagsins en féllu út eru fjármagnsyfirlit, rekstrar- og framkvæmdayfirlit og raunbreyting á peningalegri stöðu. Þau yfirlit sem var breytt eru efnahagsreikningur og skýringar.

Með sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 voru felld úr gildi eldri sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 og reglugerð nr. 280/1989. Reglugerð nr. 944/2000 öðlaðist gildi hinn 1. janúar 2001, en sveitarfélögum var heimilt að fara að ákvæðum eldri reglugerðar við gerð fjárhagsáætlunar og ársreiknings fyrir reikningsárið 2001.

Meginbreyting á reikningsskilum sveitarfélagsins fólst í því að flestar fasteignir og ýmsir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir voru yfirfærðir í Eignasjóð, sem er sjálfstæð A hluta rekstrareining. Auk þess var nokkur hluti varanlegra rekstrarfjármuna færður til annarra sjóða og B hluta fyrirtækja sveitarfélagsins. Varanlegir rekstrarfjármunir voru yfirfærðir á viðmiðunarverði auk endurbóta eða á framreiknuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til afskrifta.

Árlega eru reiknaðar afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, en jafnframt er reiknuð innri leiga, sem tekjufærð er hjá Eignasjóði. Leigan er gjaldfærð hjá þeirri rekstrareiningu sem nýtir eignina í rekstri sínum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera rekstrarkostnað eignanna sýnilegri og að hver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni tilheyrir. Fasteignir sveitarsjóðs og stofnana hans voru áður eignfærðar á fasteignamati og hvorki voru reiknaðar afskriftir af þeim né öðrum varanlegum rekstrarfjármunum sveitarsjóðs.

Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum voru gatna- og fráveituframkvæmdir, áhöld, tæki og innanstokksmunir færðir undir svonefnda gjaldfærða fjárfestingu, sem féll út með þessum breyttu reikningsskilaaðferðum. Í ársreikningi 2002- 2009 voru þessir liðir ýmist eignfærðir eða gjaldfærðir. Nýbygging gatna og holræsa er eignfærð, en viðhald og rekstur þeirra gjaldfært. Áhöld og tæki sem eru að verðmæti undir kr. 500.000 eru gjaldfærð en fjármunir sem eru umfram þá fjárhæð eru eignfærðir. Sjá enn fremur nánar undir skýringu nr. 6 hér á eftir undir varanlegum rekstrarfjármunum.

Auk framangreindra breytinga á reikningsskilaaðferðum er horfið frá verðleiðréttingum í reikningsskilunum. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 144/1994 um ársreikninga. Með breytingunum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt



## Ísafjarðarbær

og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga, sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat eigna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í ársreikningi þessum er hvorki reiknuð verðbreytingafærsla né fastafjármunir endurmetnir.

Samanburðartölur í rekstrarreikningi og sjóðstreymi er við fjárhagsáætlun ársins.

### 3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

#### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluti) tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

#### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman en innbyrðis viðskipti færð út.

### 4. Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekju færðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna eða óvenjulegra liða eftir því sem við á, en hagnaður af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna.

### 5. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### 6. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir sveitarsjóðs og stofnana hans eru nú færðir á matsverði eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun. Eftir að þeir hafa

## Ísafjarðarbær

verið teknir í notkun eru útgjöld vegna þeirra ekki eignfærð nema ætla megi að arðsemi af notkun þeirra aukist í framtíðinni vegna þessara útgjalda.

Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum.

Framlög Jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi	24 ár
Veitukerfi	10 til 50 ár
Aðrar eignir	3 til 8 ár

Fasteignir Eignasjóðs í árslok greinast þannig:

	eign 01.01.09	fjárfest 2009	afskriftir 2009	eign 31.12.09
	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.
<b>fasteignir</b>				
skólahúsnæði	950.347	1.934	30.228	922.053
íþróttamannvirki	534.399	1.207	23.766	511.830
þjónustubyggingar	176.000	7.438	4.305	179.133
íbúðarhúsnæði	22.268	500	163	22.605
ýmsar fasteignir	3.734	577	160	4.151
götur, snjóflóðavarnir	249.078	2.570	0	251.648
<b>Eignasjóður alls</b>	<b>1.935.326</b>	<b>14.226</b>	<b>58.622</b>	<b>1.890.920</b>

Fasteignir annarra sjóða í A hluta aðalsjóðs og stofnana í B hluta í árslok greinast þannig:

	eign 01.01.09	fjárfest 2009	afskriftir 2009	eign 31.12.09
	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.
<b>stofnanir</b>				
Þjónustustöð	25.021	0	1.683	23.338
Hafnarsjóður	22.925	1.480	1.148	23.257
Vatnsveita	4.457	0	350	4.107
Íbúðir aldraðra	113.829	2.885	9.492	107.223
Funi	112.837	0	14.618	98.219
<b>Stofnanir alls</b>	<b>282.116</b>	<b>4.365</b>	<b>27.261</b>	<b>256.175</b>

Aðrar eignir aðalsjóðs og stofnana hans í árslok greinast þannig:

	eign 01.01.09	fjárfest 2009	afskriftir 2009	eign 31.12.09
	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.
<b>stofnanir</b>				
Aðalsjóður – Fasteignir	77.667	-591		77.076
Eignasjóður – bifv. og vélar	236.652	11.930	24.920	223.662
Þjónustustöð – vélar og tæki	23.041	0	3.869	19.172
Hafnarsjóður – skip, kranar, vélar	26.287	0	2.656	23.631
Hafnarsjóður – hafnarmannvirki	386.857	1.292	12.490	375.659
Vatnsveita – vélar og tæki	25	0	0	25
Vatnsveita – veitumannvirki	351.228	0	10.571	340.647

## Ísafjarðarbær

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf	873.596	-45.883	23.090	804.623
Fráveita	164.516	0	4.076	160.440
Funi – vélar og tæki	10.975	0	1.534	9.441
<b>Stofnanir alls</b>	<b>2.151.765</b>	<b>-30.931</b>	<b>84750</b>	<b>2.034.377</b>
<b>Alls varanlegir rekstrarfjárm.</b>	<b>4.365.231</b>	<b>-14.661</b>	<b>169.129</b>	<b>4.181.441</b>

### 7. Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 eru eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt. Bókfært verð sveitarsjóðs og stofnana hans í hlutafélögum og sjóðum í árslok var þannig:

<b>Hlutabréf</b>	<b>kr.</b>
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf	127.571.273
Glitnir	56.672
Hvetjandi, eignarhaldsfélag hf	30.666.667
Melrakkasetur Íslands ehf	250.000
Gestur hf	20.350
Önnur hlutafélög	1.260
Lánasjóður ísl. Sveitarfélaga	367.098.000
<b>Hlutabréf alls</b>	<b>525.664.222</b>
<b>Sjóðir</b>	<b>kr.</b>
Sparisjóður Bolungarvíkur	18.486.703
Sparisjóður Vestfirðinga	2.264.446
Háskólasetur Vestfjarða	150.000
Aðrir	233.892
<b>Sjóðir alls</b>	<b>21.135.082</b>
<b>Hlutabréf og sjóðir alls</b>	<b>546.799.304</b>

### 8. Eignir utan efnahags

Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga er haldin sérstök skrá um þá rekstrarfjármuni sem ekki eru færðir meðal eigna í ársreikningi.

Á árinu 1998 fór fram heildartalning og verðmætamat lausafjármuna hjá öllum stofnunum og deildum sveitarfélagsins. Lausafjármunir eru metnir á 798,4 millj.kr. til tryggingarverðmætis.

Lönd og lóðir í eigu sveitarsjóðs eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi.

#### Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga tóku gildi 30. desember 2006. Hlutdeild Ísafjarðarbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. er 4,148%. Nafnverð hlutafjár er 5 mia. kr. en bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2006 nam 8,9 mia. króna. Nafnverð hlutafjár Ísafjarðarbæjar í Lánasjóðnum er 207,4 millj.kr. en 367,1 millj.kr. miðað við gengið 1,77. Á árunum 2007-2010 verður Ísafjarðarbæ árlega greidd 31,1 millj.kr. vegna niðurfærslu á eigin fé Lánasjóðsins.

### 9. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Kröfur sem bundnar eru vísitölu eru færðar upp miðað við verðlag í árslok. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna.

Verðbréfaeign og Lánasjóðskrafa greinist í árslok og afborganir á næstu ár þannig:

## Ísafjarðarbær

<b>Skipting</b>	<b>A hluti þús. kr.</b>	<b>B hluti þús. kr.</b>	<b>Samstæða þús. kr.</b>
Verðtryggt	23.540	0	23.540
Óverðtryggt Lánasj.	29.260	0	29.260
<b>Alls</b>	<b>52.800</b>	<b>0</b>	<b>52.800</b>
Næsta árs afborganir	30.906	0	30.906
<b>Staða í árslok 2010</b>	<b>21.894</b>	<b>0</b>	<b>21.894</b>
<b>Afborganir</b>	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>
Árið 2011	1.549	0	1.549
Árið 2012	1.558	0	1.558
Árið 2013	1.184	0	1.184
Síðar	17.603	0	17.603
<b>Alls</b>	<b>21.894</b>	<b>0</b>	<b>21.894</b>

Til viðbótar ofangreindum langtímakröfum, er verðbréfaeign um áramótin 50.677 þús.kr. að markaðsvirði í verðbréfasjóðum Íslenskra Verðbréfa hf. Þau eru færð í efnahagsreikningi A hluta undir handbært fé.

### 10. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu nr. 12. Niðurfærslur nema alls 19.798 þús.kr.

### 11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, innstæðum í bönkum í innlendum gjaldeyri og öðrum óbundnum lánveitingum til fjármálastofnanna sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða. Undantekning er inneign í verðbréfasjóði Íslenskra Verðbréfa hf. en þau hafa verið í innlausnarferli síðan hrúnið varð 2008.

### 12. Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi, sbr. skýringu nr. 10. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### 13. Eigið fé

Eigið fé greinist í árslok þannig:	<b>A hluti þús. kr.</b>	<b>B hluti þús. kr.</b>	<b>Samstæða þús. kr.</b>
Yfirfært frá fyrra ári	804.729	(285.626)	519.103
Arðgreiðsla frá vatnsveitu til bæjarsjóðs			
Rekstrarafkoma ársins	(243.938)	(159.297)	(403.234)
Mism.			
<b>Alls</b>	<b>560.791</b>	<b>(444.922)</b>	<b>115.869</b>

### 14. Skuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding, núvirt miðað við 2% reiknivexti, samkvæmt mati Talnakönnunar hf í árslok 2009 nam 1.739 millj.kr. þar af er hlutur sveitarsjóðs og stofnana hans 921 millj.kr. en ríkissjóðs 818 millj.kr. Á árinu 2009 voru greidd eftirlaun vegna fyrrverandi starfsmanna 16.309 þús.kr.

## Ísafjarðarbær

### 15. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda. Langtímaskuldir aðrar en við aðalsjóð vegna yfirfærslu eigna greinast í árslok og afborganir á næstu ár þannig:

	<b>A hluti</b>	<b>B hluti</b>	<b>Samstæða</b>
<b>Skipting</b>	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>
Verðtryggt	1.327.034	1.462.558	2.789.592
Gengistryggt	938.236	107.651	1.045.887
Ofanflóðasjóðslán	37.366	47.813	85.179
<b>Alls</b>	<b>2.302.636</b>	<b>1.618.022</b>	<b>3.920.658</b>
Næsta árs afborganir	185.741	117.019	302.760
<b>Alls</b>	<b>2.116.895</b>	<b>1.541.999</b>	<b>3.617.898</b>
<b>Afborganir</b>	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>
Árið 2011	248.370	62.143	310.513
Árið 2012	243.464	60.406	303.870
Árið 2013	239.477	60.856	300.333
Árið 2014	234.754	61.340	296.094
Síðar	1.150.834	1.297.254	2.407.088
<b>Alls</b>	<b>2.116.895</b>	<b>1.541.999</b>	<b>3.617.898</b>

Næsta árs afborgun langtímaskulda við aðalsjóð eru 113.387 þús. kr. Lán úr Ofanflóðasjóði að upphæð 85 millj.kr. í lok árs 2009. Lán þessi, sem eru eftirgefanleg lán og tekin á árinu 1999 og 2005, eru til fimmtán ára og greiðist árlega upphæð sem nemur 1% af uppreiknuðum höfuðstól lánsins með áföllnum vöxtum og verðbótum auk 0,15 prómill af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Raungreiðslur af lánum þessum hafa árlega numið tæpum helmingi af áföllnum vöxtum hverju sinni. Í alþjóðlegum reiknisskilastaðli nr. 20. segir í 5. gr.: “Eftirgefanleg lán eru lán þar sem lánveitandi skuldbindur sig til að falla frá kröfu um endurgreiðslu við tiltekin skilyrði sem mælt er fyrir um.” Í 10. gr. sama staðals segir: “Eftirgefanlegt lán frá hinu opinbera er meðhöndlað sem opinber styrkur þegar nokkuð öruggt er að fyrirtækið muni uppfylla skilyrðin fyrir niðurfellingu lánsins.” Í árslok 2009 var lánið frá 1999 (höfuðstóll 93,4 millj.kr.) og lánið frá 2005 (höfuðstóll 65,2 millj.kr.), niðurskrifuð um 1/15 hluta. Á móti þessari niðurfærslu á lánunum voru eignfærðar framkvæmdir í snjóflóðavarnargörðum niðurfærðar um sömu upphæð eða 10.574 þús. kr.

### 16. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir aðrar en við eigin fyrirtæki greinast í árslok þannig:

	<b>A hluti</b>	<b>B hluti</b>	<b>Samstæða</b>
	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>	<b>þús. kr.</b>
Skuldir við lánastofnanir	0	52.332	52.332
Viðskiptaskuldir	104.788	19.138	123.926
Laun og launatengd gjöld	49.229	0	49.229
Áfallnir vextir af langtímalánum	35.037	5.085	40.122
Næsta árs afborganir	150.704	111.934	262.638
<b>Alls</b>	<b>339.758</b>	<b>188.489</b>	<b>528.247</b>

Laun og launatengd gjöld eru launatengd gjöld og afdregnir skattar vegna desembermánaðar sem greiðast í janúar svo og uppgjör á yfirvinnu. Næsta árs afborganir eru greiðslur langtímalána á árinu 2010 til annarra en aðalsjóðs frá stofnunum.

### 17. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings

#### Ábyrgðarskuldbindingar

## Ísafjarðarbær

### **Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf**

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf er einkahlutafélag í eigu Ísafjarðarbæjar, sem á og rekur félagslegt leiguhúsnæði í sveitarfélaginu. Í 7. gr. samþykktu fyrir félagið segir að sveitarfélagið ábyrgist að fullu skuldbindingar félagsins við Íbúðalánasjóð vegna þeirra íbúða sem Ísafjarðarbær lagði félaginu til.

Ísafjarðarbær er í sjálfsskuldarábyrgð fyrir 40 millj.kr. reikniláni sem Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf tóku 14. nóvember 2005 til að fjármagna skammtímaskuldir vegna uppgreiðslu lána við Íbúðalánasjóð í tengslum við uppgjör við sölu félagslegra íbúða.

### **Verksamningar**

Eftirstöðvar verksamninga voru óverulegar.

### **Stofnstyrkir**

Samningur er í gildi milli Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf, dags. 19. maí 2006, um stofnstyrk til menningarhúsa að upphæð 70 millj.kr. sem greiðist með jöfnum verðbættum greiðslum á 10 árum, fyrsta greiðslan var í júní árið 2007.

### **Rekstrarleigusamningar**

Um áramótin var í gildi rekstrarleigusamningur að upphæð 1,3 millj.kr. við Nýherja hf um kaup á vél- og hugbúnaði á árinu 2006. Greiðslur féllu til á árunum 2008-2010.

### **Rekstrarsamningar**

Um áramótin voru í gildi ýmsir rekstrarsamningar að upphæð 45,9 millj.kr. aðallega við íþróttafélög vegna verkefna sem eru ekki lögbundin. Greiðslur falla til á árunum 2009-2010.

## **18. Önnur mál**

### **Vaxta- og gjaldeyrisskiptasamningar**

Um áramótin var ófrágengið deilumál hvað varðar framvirkan gjaldmiðlaskiptasamning, svokallaðan afleiðusamning við Landsbanka Íslands. Krafa Landsbankans er 39,620 milljónir króna og miðast upphæðin við gengi sem Ísafjarðarbær getur ekki sætt sig við og telur ósanngjarnt. Þess má geta að mörg sveitarfélög og fyrirtæki eru í sömu stöðu hvað varðar slíka samninga. Vætanlega verður rekið prófmál fyrir dómsstólum sem verður fordæmisgefandi fyrir afgreiðslu svona mála.

Lykiltölur A-hluta og samstæðu 2009

Ísafjarðarbær

Sem hlutfall af rekstrartekjum	A hluti		A og B hluti	
	Reikningur	Áætlun	Reikningur	Áætlun
Útsvar	52,41 %	52,81 %	43,53 %	43,93 %
Fasteignaskattur	6,74 %	6,72 %	5,60 %	5,59 %
Framlög Jöfnunarsjóðs	23,24 %	23,76 %	19,30 %	19,77 %
Lóðaleiga	1,85 %	0,00 %	1,53 %	0,00 %
Skatttekjur samtals	84,24 %	83,29 %	69,96 %	69,28 %
Aðrar tekjur	15,76 %	16,71 %	30,04 %	30,72 %
	100,00 %	100,00 %	100,00 %	100,01 %
Laun og launatengd gjöld	56,95 %	58,68 %	53,32 %	53,93 %
Lífeyrisskuldbinding, breyting	4,14 %	3,14 %	3,44 %	2,61 %
Annar rekstrarkostnaður	34,54 %	33,82 %	34,95 %	34,43 %
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	4,37 %	4,35 %	8,29 %	9,02 %
Afskriftir	3,90 %	3,53 %	6,14 %	5,89 %
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-11,14 %	-10,11 %	-16,79 %	-16,23 %
Rekstrarniðurstaða	-10,67 %	-9,29 %	-14,65 %	-5,37 %
Handbært fé frá rekstri	3,91 %	-12,65 %	5,33 %	-9,58 %
Fjárfestingahreyfingar	-0,48 %	1,68 %	1,85 %	1,40 %
<b>Í þúsundum króna á íbúa: Fjöldi:</b>	3897			
<b>Rekstur:</b>				
Skatttekjur	494,25	493,59	494,25	493,59
Aðrar tekjur	92,49	99,05	92,49	99,05
Laun og launatengd gjöld	334,16	347,78	334,16	347,78
Annar rekstrarkostnaður	202,63	200,44	202,63	200,44
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-65,38	-59,92	-65,38	-59,92
Rekstrarniðurstaða	-62,60	-55,03	-103,47	-38,29
<b>Efnahagur:</b>				
Eignir	1.018,36	985,54	-1.330,17	-1.379,00
Eigið fé	143,90	-360,50	29,73	-340,23
Lífeyrisskuldbindingar	236,51	-219,11	236,51	-219,11
Skuldir án skuldbindinga	637,94	-405,93	1.063,93	-819,66
<b>Sjóðsstreymi:</b>				
Handbært fé frá rekstri	22,97	-74,94	37,69	-68,22
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við				
Langtímaskuldir, mælt í árum	-25,72	-4,84	-26,70	-11,22
Veltufjárlutfall	2,40	-2,59	0,82	-1,10
Eiginfjárlutfall	14,13 %	36,58 %	2,24 %	24,67 %

**Lykiltölur árána 2009-2006, sveitarsjóður (A-hluti)**

Ísafjarðarbær

<b>Sem hlutfall af rekstrartekjum</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
Útsvar	52,41 %	51,46 %	53,69 %	59,10 %
Fasteignaskattur	6,74 %	6,43 %	6,96 %	7,03 %
Framlög Jöfnunarsjóðs	23,24 %	26,99 %	28,99 %	23,55 %
Lóðaleiga	<u>1,85 %</u>	<u>1,71 %</u>	<u>1,98 %</u>	<u>2,03 %</u>
Skatttekjur samtals	84,24 %	86,59 %	91,62 %	91,71 %
Aðrar tekjur	<u>15,76 %</u>	<u>13,41 %</u>	<u>8,38 %</u>	<u>8,29 %</u>
	100,00 %	100,00 %	100,00 %	100,00 %
Laun og launatengd gjöld	56,95 %	50,73 %	55,37 %	63,75 %
Lífeyrisskuldbinding, breyting	4,14 %	2,76 %	2,27 %	6,36 %
Annar rekstrarkostnaður	34,54 %	34,92 %	34,00 %	35,05 %
Rekstramiðurstaða fyrir afskriftir	4,37 %	8,94 %	8,36 %	-4,98 %
Afskriftir	3,90 %	3,73 %	3,68 %	4,11 %
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-11,14 %	-26,59 %	-1,59 %	3,00 %
Rekstramiðurstaða	-10,67 %	-20,92 %	6,27 %	-12,08 %
Handbært fé frá rekstri	3,91 %	6,41 %	9,62 %	4,90 %
Fjárfestingahreyfingar	-0,48 %	-20,92 %	-13,95 %	-15,86 %

**Í þúsundum króna á íbúa: Fjöldi:**
**Rekstur:**

Skatttekjur	494,25	500,60	460,70	371,20
Aðrar tekjur	92,49	77,50	42,10	33,50
Laun og launatengd gjöld	334,16	308,60	278,40	257,30
Annar rekstrarkostnaður	202,63	201,90	170,90	141,90
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-65,38	-153,70	-8,00	12,10
Rekstramiðurstaða	-62,60	130,60	31,50	-48,90

**Efnahagur:**

Eignir	1.018,36	1.032,30	911,70	725,40
Eigið fé	143,90	202,80	332,10	179,50
Lífeyrisskuldbindingar	236,51	208,00	195,70	179,50
Skuldir án skuldbindinga	637,94	621,10	383,90	366,40

**Sjóðsstreymi:**

Handbært fé frá rekstri	22,97	37,10	48,40	1.938,00
-------------------------	-------	-------	-------	----------

**Aðrar lykiltölur**

Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við				
Langtímaskuldir, mælt í árum	-25,72	11,30	6,24	13,89
Veltufjárlutfall	2,40	1,18	2,70	2,54
Eiginfjárlutfall	14,13 %	19,60 %	36,40 %	24,80 %
Útsvarsprósenta	13,28 %	13,03 %	13,03 %	13,03 %
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,45 %	0,45 %	0,45 %	0,43 %
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	0,88 %	0,88 %	0,88 %	0,44 %
Fasteignaskattsprósenta, C-liður	1,60 %	1,60 %	1,60 %	1,49 %
Íbúafjöldi	3.897,00	3.968,00	3.992,00	4.098,00
Breyting frá fyrra ári (%)	0,98 %	-1,01 %	-2,59 %	-0,24 %